

Nr. 20-044 S 031 Breki VE 61***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2861
 IMO 9755555
 Smíðaður: Kína, 2017, stál
 Útgerð: Vinnslustöðin ehf
 Stærð: 1222,0 bt
 Mesta lengd: 51,29 m Skráð lengd: 47,46 m
 Breidd: 12,81 m Dýpt: 9,67
 Vél: MAN, 1795 kW, 2015
 Fjöldi skipverja: 15



Breki©Tryggvi Sigurðsson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 22. október 2020 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 5. febrúar 2020 var Breki VE 61 á togveiðum í Skeiðarárdýpi. Veður: SV 13-18 m/s.

Skipverji var að lása dauðaleggnum úr millilóði bakborðsmegin þegar velta kom á skipið með þeim afleiðingum að millilóðið fór af stað. Klemmdist hann á þremur fingrum hægri handar þegar lóðið lagðist utan í stoð bakborðsmegin.

**Við rannsókn kom fram:**

- að tjakkurinn sem blökkinn fyrir millilóðið hangir í var inni;
- að millilóðið situr ekki í sæti (*sjá mynd*) þegar það kemur upp í blökkina heldur leggst á tvær stoðir og því hreyfist lóðið á veltunni þegar það er undir átaki;
- að millilóðið er rúm fjögur tonn að þyngd;



Sætið, með og án millilóðsins

- að sögn slasaða var hann að teygja sig eftir sleppikróknum sem hangir á millilóðinu þegar það fór af stað og lagðist á fingurna;
- að sögn slasaða væri millilóðið á fullri ferð í gálganum ef eitthvað væri að veðri;
- að þrír fingur krömdust illa en brotnuðu ekki;
- að fram kom að ekki var starfandi öryggisnefnd á skipinu eins og reglugerð kveður á um.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.